

Starfslýsing leikstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur

Starf leikstjóra

Leikstjóri er listrænn stjórnandi og verkstjóri þess verkefnis sem hann hefur tekist á hendur. Hann mótar listræna nálgun og vinnuaðferðir í samræmi við þá stefnu sem hann og listræn stjórn leikhússins hafa mótað í undanfara ráðningar. Hann ber listræna ábyrgð á sviðsetningunni. Hann skipuleggur undirbúningsvinnu og æfingar í samráði við leikhússtjóra, framkvæmda-stjóra og sýningarstjóra í samræmi við starfsreglur Leikfélags Reykjavíkur (samanber fylgiskjalið *Framleiðsluferli uppsetningar í Borgarleikhúsinu*) og ber ábyrgð með þeim á að tímaáætlanir og kostnaðarrámmi standist.

Ráðning

Þegar forsendur sviðsetningar hafa mótast í samræðum leikstjóra og leikhússtjóra og annarra aðila sem hann hefur kallað til skal gerður ráðningarsamningur (*Eyðublað 1.* sem fylgir samningi þessum) þar sem fram kemur heiti verksins sem skal fara á svið, á hvaða leiksviði áætlað er að það komi upp, samkomulag um flokkun uppsetningar samkvæmt kjarasamningi FLÍ og LR, kafla 1.2. grein, áætlað umfang með tilliti til mannafla og kostnaðarrámmi til bráðabirgða eins og tilgreint skal í forsenduáætlun (*Eyðublað 2* sem er fylgiskjal með ráðningarsamningi leikstjóra).

Samningurinn skal gerður í tveimur eintökum og heldur Leikfélag Reykjavíkur einu eintaki og leikstjórinn öðru, en afrit skal sent Félagi leikstjóra á Íslandi.

Undirbúningur

Leikstjóri skal fá afhentan leiktexta þess verkefnis sem hann er ráðinn til tímanlega, helst eigi síðar en 4 mánuðum áður en æfingar hefjast, þannig að honum gefist tími til undirbúnings og skipulagningar.

Á undirbúningstíma sviðsetningar skal leikstjóri leita samráðs við leikhússtjóra og leiklistar-ráðunaut vegna listrænna þátta.

Leikstjóri og hans listræna teymi leitar samráðs við framkvæmdastjóra, tæknistjóra og formenn deilda vegna verklegra- og tæknilegra þátta á undirbúningstíma og á vikulegum framleiðslufundum á vinnslutíma.

Leikstjóra ber að taka þátt í hugmyndavinnu vegna kynningar á væntanlegri sviðsetningu, og taka afstöðu til útlits/framsetningar á myndefni/kynningarefni í samráði við kynningarstjóra og hönnuði leikhússins á markaðssviði.

Leikstjóra ber að aðstoða leikhúsið eftir bestu getu við að markaðssetja sýninguna og einnig ef þess er óskað, að taka þátt í blaðamannafundum og viðtölum um sýninguna fyrir frumsýningu.

Leikfélag Reykjavíkur skal sjá leikstjóra fyrir vinnuaðstöðu með aðgangi að síma og nettengingu í leikhúsinu á samningstímabilinu.

Viðvera

Á æfingatíma leikverksins er leikstjóranum ekki heimilt að taka að sér aðrar sviðsetningar eða önnur verkefni sem hindra hann í að vera viðstaddur æfingar í leikhúsinu og taka þátt í nauðsynlegum fundum. Leikstjóri skal beina óskum listamanna um leyfi eða tilhliðrun á æfingatíma til leikhússtjóra telji hann sig ekki geta orðið við þeim án vandkvæða.

Leikstjóri skal taka þátt í endurmatsfundi um sviðsetninguna að lokinni frumsýningu þar sem framkvæmdaðættir uppsetningar eru metnir. Þá skal leikstjóri eiga sérstakan matsfund með leikhússtjóra um listræna þætti verkefnisins.

Eftirfylgni

Eftir frumsýningu er leikstjóra skylt að fylgjast reglulega með sýningunni á meðan sviðsetningin er til sýningar. Leikstjóri skal senda leikhússtjóra í tölvupósti einfalt minnisblað eftir hverja sýningu sem hann sér, þar sem hann gerir stuttlega grein fyrir sinni skoðun á stöðu sýningarinnar.

Komi til þess að þurfi að gera breytingar á sviðssetningu eftir fyrstu sýningarviku skal leikstjóri kallaður til. Slíkar breytingar ákvarðist af leikhússtjóra og leikstjóra sameiginlega. Æfingar í fyrstu viku eftir frumsýningu eru án aukagreiðslu, en greiða skal vegna aukaæfinga eftir fyrstu viku frá frumsýningu með yfirvinnukaupi.

Almannatengsl, almannþjónusta o.fl.

Leikstjórinn gefur kost á sér eftir nánara samkomulagi til að segja frá starfi sínu við sviðsetninguna í fjölmiðlum sem og í tengslum við upplýsinga- og fræðsluátök leikhússins. Leikhúsið hefur rétt á að setja upp stutta atriði úr sýningunni í tengslum við kynningar- og almannatengslaviðburði. Í slíkum tilfellum er leikhúsinu skylt að leita samþykkis leikstjóra og gæta að sæmdarrétti hans og því óheimilt að gera breytingar eða innbyrðis styttingar á höfundaverki hans án samráðs og samþykkis hans.

Leikhúsið skal láta leikstjóra í té a.m.k. 10 góðar ljósmyndir úr sýningunni á stafrænu formi. Hann skal auk þess eiga aðgang að myndbandsupptöku af endanlegri sviðsetningu verksins.

Ólokið verk

Ef leikstjóri getur ekki uppfyllt skyldur sínar vegna sjúkdóms eða dauðsfalls, áskilur leikhúsið sér rétt til að láta annan leikstjóra ljúka verkinu. Skal þá haft samráð við fyrri leikstjóra, ef þess er kostur, um nafngreiningu, en að öðru leyti tekur nýr leikstjóri við fullu forræði á sýningunni.